

Nd.

140. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 23, 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Jóhann P. Jósefsson.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi svo hljóðandi grein, er verður 2. gr.:

Ennfremur skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins, heimilt að leggja á vörur, sem fluttar verða til og frá Vestmannaeyjum, sérstakt vörugjald, er nemi allt að 50% af vörugjaldi til Vestmannacyjabafnar eins og það er á hverjum tíma, og skal um upphæð gjaldsins og innheimtu ákveðið með reglugerð. er bæjarstjórn semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir.

Gjald þetta má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að vörur megi ekki afhenda eða afgreiða til útflutnings, nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir séð sig knúða til þess að leita til Alþingis um þessa breyting á tekjuöflun handa kaupstaðnum, vegna þess að það hefir sýnt sig hin síðari ár, eftir að kreppan skall á, að innheimta útsvara er orðin mjög erfið, enda þótt útsvarsupphæðinni hafi verið haldið svo lágrí sem nokkur kostur hefir verið. Á fjárhagsáætlun kaupstaðarins fyrir árin 1931 og 1932 var útsvarsupphæðin ákveðin kr. 130503.00 og kr. 150063.00, en fyrir árið 1933 hefir ekki verið hægt að komast hjá því að hækka útsvarsupphæðina verulega, eða upp í kr. 188123.00. Á síðastliðnu ári varð kaupstaðurinn að verja óvenjumiklu fé úr bæjarsjóði til atvinnubóta og fátækraframfæris.

Meðal annars vegna þess, að viðbúið er, að enn verði miklu fé að verja í þessu skyni, telur bæjarstjórn hækkun útsvara ekki einhlíta og hefir því ákveðið að fara fram á, að Alþingi heimili henni að afla nokkurra tekna með sérstöku vörugjaldi til bæjarsjóðs, eins og frv. her með sér.

Nú rennur til hafnarsjóðs gjald af öllum vörum, sem fluttar eru um Vestmannaeyjahöfn, og hefir það numið árin 1930 og 1931 kr. 86882.81 og kr. 96234.49.

Bæjarstjórnin hefir hugsað sér að hafa gjald þetta með svipuðum hætti og vörugjaldið til hafnarsjóðs, en um upphæð þess fari eftir ákvörðun bæjarstjórnar og ráðuneytis, eftir því sem þurfa þykir á hverjum tíma, með þeim takmörkunum, sem frv. gerir ráð fyrir.